

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. nóvember 2019 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-19/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 23. febrúar 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þjónustu sem fólst í teikningum fyrir einingahús frá Kanada sem síðar stóð til að flytja til Íslands. Þegar álitsbeiðandi hafði greitt fyrir teikningarnar kom í ljós að ekki var unnt að flytja einingahúsin til landsins þar sem CE vottun var ekki til staðar. Álitsbeiðandi krefst endurgreiðslu að fjárhæð 2.519,17 kanadískra dala á núverandi gengi.

II

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kærunefndina um álit á ágreiningnum. Valdsvið kærunefndarinnar nær því ekki til að gefa álit á ágreiningi sem ekki fellur undir framangreind lög.

Sá ágreiningur sem uppi er milli aðila fellur hvorki undir lög um lausafjárkaup né neytendakaup enda ekki um að ræða kaup á hlut heldur kaup á þjónustu við teikningar.

Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) er gildissvið laganna skilgreint. Þar segir:

„Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

- 1. vinnu við lausafjármuni,*
- 2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,*
- 3. geymslu á lausafjármunum,*
- 4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.*

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir. Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.“

Ágreiningur málsins varðar greiðslu fyrir teikningar af fasteign sem ekki var unnt að flytja til Íslands. Samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 1. gr. þkpl. taka þau til ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við vinnu við fasteignir, sbr. 2. tl. ákvæðisins. Það leiðir af ákvæðinu að kaup á þjónustu arkitekta hér á landi eiga undir gildissvið laganna. Af gögnum málsins er hins vegar ljóst að arkitektinn sem sá um teikningarnar var á vegum fyrirtækisins Z og greiðslur álitsbeiðanda fyrir teikningarnar bárust til þess fyrirtækis. Þrátt fyrir að íslenskur aðili hafi haft áhrif á að álitsbeiðandi ákvað að festa kaup á einingahúsi frá Kanada er ekki unnt að líta framhjá því að samningssamband álitsbeiðanda var samkvæmt framangreindu við umrætt fyrirtæki í Kanada.

Ákvæði þjónustukaupalaga fjalla ekki um alþjóðleg kaup á þjónustu og ber erlendum þjónustuveitendum ekki skylda til að fara eftir lögnum nema þeir veiti þjónustu sína hér á landi. Kærunefndin álitur í samræmi við framangreint að nefndin hafi ekki vald til að taka kvörtun álitsbeiðanda til meðferðar og gefa álit sitt á ágreiningnum samkvæmt þeim lögum sem hún starfar eftir. Ber kærunefndinni samkvæmt því að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni.

III

Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson